




DEILISKIPULAG VEIÐIHÚSS Í LANDI EINARSSTAÐA
VOPNAFIRÐI
DEILISKIPULAG – GREINARAGERÐ OG UMHVERFISSKÝRSLA

18.08.2025

Breytt 10.10.2025



SNIDDA
ARKITEKTASTOFA

ARKÍS
arkitektar

Samþykktir	3
0 Breytingar	4
Í kafla 3.2.6 Frágangur lóða og efnistökusvæða (var áður Frágangur lóða) er bætt við	4
1. Almenn	6
1.1 Deiliskipulagssvæðið	6
1.2 Afmörkun skipulagssvæðisins	7
1.3 Eignarhald á skipulagssvæði	7
1.4 Landslag, veður og gróðurfar	8
1.5 Menningarminjar	10
2. Stefnumörkun- Tengsl við aðrar áætlanir	11
2.2. Landsskipulagsstefna	11
2.3 Svæðisskipulag Austurlands	11
2.4 Aðalskipulag	12
2.4 Deiliskipulag	13
2.5 Náttúruminjasrá	13
3. Skilmálar	14
3.1 Mæli og hæðarblöð - hnitakerfi	14
3.2 Landnýting	14
3.2.1 Lóð fyrir veiðihús	14
3.2.2 Byggingarreitir	14
3.2.3 Stærð og hæð húsa	14
3.2.4 Efnis og litaval	15
3.2.5 Sorpgeymslur	15
3.2.6 Frágangur lóða og efnistökusvæða	15
3.3 Vegur	15
3.4 Rafmagn	15
3.5 Fjarskipti	15
3.6 Vatn	15
3.7 Fráveita	16
4. Umhverfisáhrif og samræmi við aðrar áætlanir	16
4.1 Samræmi við aðrar áætlanir	16
4.1.1 Landsskipulagsstefna	16
4.1.2 Svæðisskipulag Austurlands 2022-2044	17
4.1.3 Aðalskipulag Vopnafjarðar 2006-2026	17



4.2 Mat á áhrifum	18
4.3 Umhverfispættir og viðmið.....	18
4.4 Umhverfismat vegna nýs veiðihúss við Hofsá	20
4.4.1 Áhrif á loftslag	20
4.4.2 Áhrif á lífríki.....	20
4.4.3 Áhrif á landgæði.....	21
4.4.4 Áhrif á vatn og fjörur.....	22
4.4.5 Áhrif á menningarminjar	22
4.4.6 Áhrif samfélag	22
4.4.7 Áhrif á efnahag og auðlindir.....	23
4.4.8 Samantekt áhrifa og niðurstaða	24
5. Kynning, afgreiðsla og samþykkt.....	24
Samráð og kynning	24
Umsagnaraðilar	24

Samþykktir

Deiliskipulag þetta sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, var samþykkt í Sveitarstjórn Vopnafjarðar þann _____

Tillagan var auglýst frá _____

Með athugasemdafresti til _____

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann

_____20_____



0 Breytingar

Númering á köflum 1.3 – 1.6 lagfærð – Fyrirsögn í kafla 1.2 var tvítekin

Í kafla 1.2

Stærð skipulagssvæðis er lagfært þannig að það nái líka til námusvæða og aðkomuvegar til samræmis við aths. Skipulagsstofnunar

Í kafla 1.2 er bætt við til samr. við athugasemdir Skipulagsstofnunar

Auk verslunar- og þjónustulóðar eru afmörkuð þrjú efnistökusvæði í deiliskipulaginu. Samanlögð stærð efnistökusvæða er 22.370 m².

Mynd nr. 2 er uppfærð

Í kafla 1.5. er texti lagfærður til samræmis við athugasemdir minjavarðar

Hvorki byggingarreitur eða námur skarast við helgunarsvæði fornminja. Aðkomuvegur er í tveggja metra fjarlgæð frá ystu mörkum fornminjar 3476-006. Aðkomuvegur verður lagður í þegar raskað vegsvæði þar sem aðkomuvegur liggur innan helgunarsvæðis. Óheimilt er að breikka vegslóðann í átt að minjunum. Minjarnar verða merktar með áberandi hætti meðan á framkvæmdum stendur.

Í kafla 2.4 aðalskipulag er texti vegna efnistöku uppfærður til samr. við aths. Skipulagsstofnunar

Sérskilmálar vegna efnistöku:

Tilgreina skal efnistökusvæði í deiliskipulagi, allt að þrjú svæði. Samanlögð stærð efnistökusvæða skal vera að hámarki <2,5 ha og allt að 20.000 m³ í heildina. Ganga skal frá efnistökusvæðum að efnistöku lokinni með það í huga að frágangur þeirra verði „endanlegur“ því langur tími getur liðið þar til frekari efnistaka verður. Efnistökusvæðum sem ekki stendur til að nota aftur skal græða upp með staðargróðri. Óheimilt er að planta framandi ágengum plöntutegundum.

Mynd 6 er uppfærð

Í kafla 3.2 Landnýting er lagfært:

Í heild er gert ráð fyrir að þurfi um 16.000 m³ (í stað 15.000 m³)

Í kafla 3.2.6 Frágangur lóða og efnistökusvæða (var áður Frágangur lóða) er bætt við til samr. við aths. Skipulagsstofnunar

Ganga skal frá efnistökusvæðum að efnistöku lokinni með það í huga að frágangur sé „endanlegur“ því langur tími getur liðið þar til frekari efnistaka verður. Efnistökusvæði sem ekki stendur til að nota aftur skal græða upp með staðargróðri. Óheimilt er að planta framandi ágengum plöntutegundum.



Í kafla 3.3 vegur er bætt við til samræmis við aths. minjavarðar

Fyrirhugaður vegur liggur í vegslóða sem fyrir er á svæðinu. Ystu mörk vegar liggja í tveggjаметра fjalægð frá minjum samkvæmt fornminjaskráningu. Framkvæmdir innan friðhelgunarsvæðis minja eru óheimilar án leyfis frá Minjastofnun. Krafa er gerð um að minjarnar verði merktar með áberandi hætti á framkvæmdatíma. Vegurinn verður ekki breikkaður í átt að minjunum. Öll breikkun vegslóðans verður gerð með skeringu inn í hlíðina til að vernda túngarðinn. Vegurinn mun tengjast heimkeyrslu að Einarssstöðum.

Í kafla 3.6 Vatn er bætt við til samr. við aths. minjavarðar:

Taka þarf tillit til minja við lagnavinnu. Kynna þarf áform um borun fyrir vatni fyrir Minjastofnun þannig að stofnunin geti lagt mat á áformin þegar staðsetning liggur fyrir.

Í kafla 4.4.5 Áhrif á menningarmínjar er bætt við til samr. við aths minjavarðar:

Aðkomuvegur verður lagður í núverandi vegstæði. Ystu mörk vegar liggja í tveggjаметра fjalægð frá minjum á einum stað samkvæmt fornminjaskráningu. Framkvæmdir innan friðhelgunarsvæðis minja eru óheimilar án leyfis frá Minjastofnun. Settir verða skilmálar um að óheimilt sé að breikka vegslóðan í áttina á minjunum. Öll breikkun vegslóðans verður gerð með skeringu inn í hlíðina til að vernda túngarðinn. Minjarnar verða merktar með áberandi hætti á meðan á framkvæmdum stendur. Settir verða skilmálar um að taka skuli tillit til minja við lagnavinnu.



1. Almenn


Til stendur að stofna lóð í landi Einarstaða vegna byggingar veiðihúss.

Við hönnun bygginga verður horft til þess að þær falli sem best inn í landið. Staðsetning er valin út frá útsýni yfir ána.

Mynd 1 kort af staðsetningu skipulagssvæðis í landi Einarstaða.

1.1 Deiliskipulagssvæðið

Landslag í Vopnafirði mótaðist á síðustu ísöld. Þá þakti jökull alla sveitina og fjörðinn og svarf fjöllin og klettana umhverfis hann. Norðan Vopnafjarðar eru ávalar heiðar þar sem nokkur há fjöll standa þó upp úr en sunnan fjarðarins eru Krossavíkurfjöll. Inn af firðinum eru þrír dalir Hofsaárdalur syðst. Um Hofsaárdal rennur Hofsa.



Mynd 1 staðsetning skipulagssvæðis í landi Einarstaða.

Byggingarsvæðið er í um 130 m hæð y.s. og fyrirhuguð lóð er 10,6 ha. Gróður á svæðinu einkennist af graslendi og mólendi.



1.2 Afmörkun skipulagssvæðisins.

Afmörkun skipulagssvæðisins er sýnd á meðfylgjandi skipulagsuppdrætti (sem unnin er eftir uppréttum loftmyndum). Skipulagssvæðið er 15,5 ha.



Mynd 2 Afmörkun deiliskipulagssvæðis.

Aðkoma að lóðinni er um Hofsárdalsveg nr. 920 og Sunnudagsveg nr. 919 og áfram um heimkeyrslu að Einarssstöðum. Auk verslunar- og þjónustulóðar eru afmörkuð þrjú efnistökusvæði í deiliskipulaginu. Samanlögð stærð efnistökusvæða er 22.370 m². Aðkoma að lóð er sýnd á deiliskipulagsuppdrætti. Gatnamótum við þjóðvegi mun ekki fjölga. Við hönnun aðkomuvegar verði gert ráð fyrir að hann geti borið þunga bíla slökkviliðs.

1.3 Eignarhald á skipulagssvæði

Eignarhald skipulagssvæðisins er á höndum landeiganda á Einarssstöðum




1.4 Landslag, veður og gróðurfar

Hofsá í Vopnafirði á aðalupptök sín á heiðarsvæði sunnan Fossdals. Í hana fellur meðal annars afrennsli Sænautavatns, sem er í 67 km. fjarlægð frá sjó. Hofsá fellur í Vopnafjörð skammt innan við kaupstaðinn. Ýmsar ár og lækir falla í Hofsána. Mest af þeim er Sunnudalsá, sem fellur frá hægri í aðalána, fremur neðarlega.

Gróður á skipulagssvæðinu einkennist af graslendi og mólendi.

Samkvæmt skilgreiningu Náttúrufræðistofnunar Íslands eru Snarrótarvist, Fjalldrapamóavist, Brokflóavist, Lyngmóavist, runnamýravist, Starungsmýravist, snarrótarvist, mosamóavist og Língresis og vingulsvist á deiliskipulagssvæðinu (<http://vistgerðakort.ni.is>).




L1.1 Eyðimelavist	L7.4 Grashólavist	L9.5 Grasengjavist
L1.2 Grasmelavist	L7.5 Sjávarfitjungsvis	L9.6 Língresis- og vingulsvi
L1.3 Mosamelavist	L7.6 Gulstarafitjavist	L9.7 Blómgresisvist
L1.4 Víðimelavist	L7.7 Sjávakletta- og eyjavist	L10.1 Mosamóavist
L1.5 Sanda- og vikravist	L8.1 Djújavist	L10.2 Flagmóavist
L1.6 Landmelhólavist	L8.2 Rekjuvist	L10.3 Starmóavist
L2.1 Moldavist	L8.3 Sandmýravist	L10.4 Grasmóavist
L3.1 Urðarskriðuvist	L8.4 Hrissanálarvist	L10.5 Fléttumóavist
L3.2 Grasvíðiskriðuvist	L8.5 Runnamýravist á hálendi	L10.6 Fjalldrapamóavist
L3.3 Ljónslappaskriðuvist	L8.6 Runnamýravist á láglendi	L10.7 Lyngmóavist á hálend
L4.1 Eyjavist	L8.7 Rimamýravist	L10.8 Lyngmóavist á láglenc
L4.2 Auravist	L8.8 Rústamýravist	L10.9 Víðimóavist
L5.1 Hélumosavist	L8.9 Starungsmýravist	L10.10 Víðikjarrvist
L5.2 Melagambravist	L8.10 Hengistararflóavist	L11 Birkiskógur
L5.3 Hraungambravist	L8.11 Brokflóavist	L14 Þéttbýli og annað
L6.1 Eyðihraunavist	L8.12 Starungsflóavist	manngert land
L6.2 Fléttuhraunavist	L8.13 Tjarnastaraflóavist	L14.2 Tún og akurlendi
L6.3 Mosahraunavist	L8.14 Gulstararflóavist	L14.3 Skógrækt
L6.4 Lynghraunavist	L9.1 Stinnastaravist	V1 Vötn
L7.1 Sandstrandarvist	L9.2 Finnungsvist	V2 Ár
L7.2 Malarstrandarvist	L9.3 Bugðupuntsvist	
L7.3 Strandmelhólavist	L9.4 Snarrótarvist	

Mynd 3 Vistgerðir á svæðinu samkvæmt vistgerðarkorti NÍ. Byggingarreitur og aðkomuvegur eru sýnd með svörtum útlínunum. Gögn frá Náttúrufræðistofnun, vistgerðir-land, 3. Útgáfa mars 2024



Veðurfar:

Vopnafjörður er þekktur fyrir veðursæld. Veðurathuganir gefa til kynna að vindar eru ríkjandi inn og út fjörðinn. Vindrós sem gerð er upp úr vindáttaathugunum sýnir að algengast er að vindur sé ýmist af NA eða SV. Strekkingsvindur er mun tíðari úr SV:




Mynd 4. Vindrós

vindatlas.vedur.is

1.5 Menningarminjar

Samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012 eru allar fornminjar friðaðar og sumar friðlýstar. Þeim má enginn, hvorki landeigandi, framkvæmdaaðili né nokkur annar spilla, granda né úr stað færa, nema með leyfi Minjastofnunar Íslands (21. gr.) Því eru allar þær fornleifar á könnunarsvæðinu sem og annars staðar og eldri eru en 100 ára, friðaðar skv. lögnum. Um friðaðar fornleifar er 15 m friðhelgað svæði umleikis samkvæmt sömu grein.




Mynd 5 Fornminjar heimild: Fornleifaskráning Sagnabrunns vegna deiliskipulags við Einarssstaði í Hofsárdal ágúst 2025.

Sagnabrunnur tók að sér skráning fornminja sem fór fram í ágúst 2025.

Hvorki byggingarreitur eða námur skarast við helgunarsvæði fornminja. Aðkomuvegur er í tveggja metra fjarlægð frá ystu mörkum fornminjar 3476-006. Aðkomuvegur verður lagður í þegar raskað vegsvæði þar sem aðkomuvegur liggur innan helgunarsvæðis. Óheimilt er að breikka vegslóðann í átt að minjunum. Minjarnar verða merktar með áberandi hætti meðan á framkvæmdum stendur.

Finnist áður ókunnar minjar ber að tilkynna fundinn til Minjastofnunar svo fljótt sem auðið er skv. 24 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.



Mynd 6 Fornminjar heimild: Fornleifaskráning Sagnabrunns vegna deiliskipulags við Einarssstaði í Hofsárdal ágúst 2025

2. Stefnumörkun- Tengsl við aðrar áætlanir

2.2. Landsskipulagsstefna

Í Landsskipulagsstefnu 2015-2026 eru eftirfarandi leiðarljós lögð til grundvallar.

- Að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að sjálfbærri þróun.
- Að skipulag byggðar og landnotkunar sé sveigjanlegt og stuðli að seiglu gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum.
- Að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að lífsgæðum fólks.
- Að skipulag byggðar og landnotkunar styðji samkeppnishæfni landsins alls og einstakra landshluta.

2.3 Svæðisskipulag Austurlands

Í Svæðisskipulagi Austurlands kemur fram að markmið sveitarfélaga á Austurlandi er að landshlutinn verði sífellt eftirsóknarverðari til búsetu, starfa og ferðalaga. Svæðisskipulagi



Austurlands er ætlað að stuðla að þessu markmiði með því að samstilla stefnu sveitarfélaganna á sviði umhverfis, efnahags, samfélags og menningar.

Hálendissvæði Austurlands nýttist í auknum mæli sem auðlind í ferðaþjónustu. Unnið verði með náttúru- og menningararf á hálendi Austurlands sem auðlind í ferðaþjónustu og stutt verði við samstarf ferðaþjónustuaðila um hagnýtingu auðlindarinnar.

Austurland verður heilsársáfangastaður sem höfðar jafnt til heimamanna og gesta. Hann byggist á öflugu samgöngukerfi og ferðaþjónustu í hæsta gæðaflokki þar sem auðlindir umhverfis, samfélags og menningar eru nýttar. Vöruþróun og markaðssetning landshlutans hefur sérkenni Austurlands sem leiðarljós.

2.4 Aðalskipulag

Megin markmið aðalskipulags Vopnafjarðar 2006-2026 er að efla atvinnumál, umhverfismál og félagsleg velferðarmál. Breytingin styður við þetta megin markmið þar sem hún eykur framboð á afþreyingu með háu þjónustustigi. Auk þess er breytingin talin styrkja tekjustofna sveitarfélagsins til lengri tíma.

Fyrirhuguð lóð er á svæði sem skilgreint er sem landbúnaðarland í aðalskipulagi.

Vegna veiðihúss í landi Einarssstaða er bætt við umfjöllun um verslunar- og þjónustusvæði með auðkennið VP5 í tillögu að breytingu á aðalskipulagi sem auglýst er samhlið deiliskipulagsbreytingu.

Auðk.	Stærð(ha)	Heiti	Lýsing og sérskilmálar
VP5	10,6 ha	Hofsá nýtt veiðihús	
Lýsing og sérskilmálar			
Gisti- og veitingaþjónusta með gistirými fyrir allt að 25 manns. Hámarksbyggingarmagn samtals 1.300 m ² . Hámarkshæð bygginga verður 10 m frá aðkomuhæð. Við hönnun á mannvirkjum skal leggja áherslu á að þær falli vel að umhverfi sínu. Nýta skal landhalla og landmótun til að draga úr áhrifum af breytttri ásýnd á landið. Við frágang á yfirborði skal gæta þess að ofanvatn sé leitt frá mannvirkjum ofanjarðar og komist leiðar sínar niður að Hofsá. Notast skal við staðargróður eins og hægt er. Óheimilt er að planta framandi ágengum plöntutegundum.			
<u>Sérskilmálar vegna efnistöku:</u> Tilgreina skal efnistökusvæði í deiliskipulagi, allt að þrjú svæði. Samanlögð stærð efnistökusvæða skal vera að hámarki <2,5 ha og allt að 20.000 m ³ í heildina. Ganga skal frá efnistökusvæðum að efnistöku lokinni með það í huga að frágangur þeirra verði „endanlegur“ því langur tími getur liðið þar til frekari efnistaka verður. Efnistökusvæðum sem ekki stendur til að nota aftur skal græða upp með staðargróðri. Óheimilt er að planta framandi ágengum plöntutegundum.			

Lýsing og sérskilmálar sem settir eru fram í aðalskipulagsbreyting Vopnafjarðarhrepps



Breytingar á sveitarfélagsupprætti felast í því að bætt er við punkti sem táknar verslunar- og þjónustusvæði í landi Einarstaða. Auk þess sem bætt er við 3 punktum vegna efnistökusvæða.

Umhverfi lóðarinnar verður áfram skilgreint sem landbúnaðarland í aðalskipulagi.

2.4 Deiliskipulag

Ekkert deiliskipulag er til staðar fyrir svæðið og mun því deiliskipulagsgerðin ekki hafa áhrif á aðrar deiliskipulagsáætlanir



Mynd 6. Fyrirhuguð lóð fyrir Veiðihús.

2.5 Náttúruminjaskrá

Vistgerðir með hátt verndargildi fyrirfinnast á svæðinu. Við staðsetningu bygginga verður horft til þess að hlífa vistgerðum með hátt verndargildi.



3. Skilmálar

3.1 Mæli og hæðarblöð - hnitakerfi

Ekki er áætlað að gerð verði mæli- og hæðarblöð fyrir svæðið. Hnitakerfi á uppdrætti er ÍSNET93.

3.2 Landnýting

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir breyttri landnotkun innan lóðar, þar sem úthaga er breytt í lóð fyrir veiðihús og lóðin verður skilgreind sem svæði fyrir verslun og þjónustu. Ekki er verið að ganga á gott ræktarland, því umrætt svæði er í miklum halla. Ekki má planta framandi og ásæknum plöntum á svæðinu. Við framkvæmdirnar verðu öllu raski haldið í lágmarki og gengið frá þeim svæðum sem röskuð verða eins og þau voru fyrir framkvæmdirnar. Annað land verður áfram skilgreint sem landbúnaðarland. Þrjú svæði eru skilgreind sem svæði fyrir efnistöku í deiliskipulaginu og eru þau sýnd á uppdrætti. Efnistökusvæðin eru við nýtt vegstæði (núverandi vegslóða). Efnistökusvæðin eru á lítið eða óröskuðu landi, fyrir utan gamlan vegslóða. Í heild er gert ráð fyrir að þurfi um 16.000 m³ af efni í veg og jarðvegsskipti fyrir byggingar. Gert er ráð fyrir að efni sem falli til úr grunni bygginganna sem verði nýtt til uppbyggingar á aðkomuvegi.

3.2.1 Lóð fyrir veiðihús

Stærð lóðar er tilgreind á skipulagsuppdrætti. Starfsemi sem fyrirhuguð er á svæðinu er starfsleyfisskyld skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og lögum um matvæli nr. 93/1995. Á svæði fyrir veiðihús þar sem gera má ráð fyrir mannfjölda og hætta getur verið á gróðureldum, skal gæta þess að greið leið sé um og frá svæðinu.

3.2.2 Byggingarreitir

Byggingarreitir eru sýndir á uppdráttum. Þeir skulu staðsettir minnst 10 m frá lóðarmörkum og skulu byggingar vera staðsettar innan byggingarreita. Vanda skal frágang í kringum allar byggingar á svæðinu. Leggja skal áherslu á gott aðgengi og samræmi í heildarásýnd skipulagssvæðisins. Við staðsetningu bygginga verður horft til verndargildis vistgerða svæðisins og raski á vistgerðum með hátt verndargildi lágmarkað eins og kostur er.

3.2.3 Stærð og hæð húsa

Við hönnun á byggingum, sem skiptast í þrjár sjálfstæðar einingar verður lögð áhersla á að láta þær falla inn í umhverfið.

Áætlað er að byggingarmagnið verði alls um 1.300 m² á 106.470m² lóð og nýtingarhlutfall verður 0,012. Gert er ráð fyrir að allt að 25 manns geti gist á svæðinu með starfsmönnum. Hús skulu vera eins- til tveggja hæða og mesta hæð frá botnplötu upp á mæni má vera 10 m. Heimilt er að hafa kjallara undir húsunum þar sem aðstæður leyfa. Byggingarhlutar sem óhjákvæmilega ná upp fyrir þak svo sem þakgluggar, reykháfar og loftræstibúnaður mega fara upp fyrir hámarkshæð þaks að því marki sem nauðsyn ber til. Öll hús á skipulagssvæðinu skulu falla vel að landi.



3.2.4 Efnis og litaval

Ekki eru settar fram sérstakar kvaðir um efnisval húsa umfram það sem reglugerðir um byggingar og brunamál kveða á um. Hús skulu vera í litum er falla vel að umhverfinu, sbr. Ákvæði gr. 6.1.1 gr. Byggingarreglugerðar nr. 112/2012

3.2.5 Sorpgeymslur

Ekki er gerð krafa um sorpgeymslur, en gera skal ráð fyrir aðstöðu fyrir sorptunnur með hliðsjón af reglum sveitarfélagsins um meðhöndlun og hirðingu sorps í dreifbýli.

3.2.6 Frágangur lóða og efnistökusvæða

Frágangur lóða skal vera snyrtilegur, jarðvatn og ofanvatn verður leitt frá byggingum og öðru þétu yfirborði innan lóðar í þar tilgerðan móttaka þaðan sem ofanvatnið getur síðan sigið áfram niður í jarðveginn. Forðast skal óþarfa rask og græða upp með staðargróðri sem er einkennandi fyrir svæðið með því að fræslægja rasksvæði að framkvæmd lokinni. Ganga skal frá efnistökusvæðum að efnistöku lokinni með það í huga að frágangur sé „endanlegur“ því langur tími getur liðið þar til frekari efnistaka verður. Efnistökusvæði sem ekki stendur til að nota aftur skal græða upp með staðargróðri. Óheimilt er að planta framandi ágengum plöntutegundum.

3.3 Vegur

Unnið er að hönnun vegtengingar að svæðinu, þannig að vegurinn falli eins vel að landslaginu og umhverfinu og kostur er. Fyrirhugaður vegur liggur í vegslóða sem fyrir er á svæðinu. Ystu mörk vegar liggja í tveggjametra fjalægð frá minjum samkvæmt fornminjaskráningu. Framkvæmdir innan friðhelgunarsvæðis minja eru óheimilar án leyfis frá Minjastofnun. Krafa er gerð um að minjarnar verði merktar með áberandi hætti á framkvæmdatíma. Vegurinn verður ekki breikkaður í átt að minjunum. Öll breikkun vegslóðans verður gerð með skeringu inn í hlíðina til að vernda túngarðinn. Vegurinn mun tengjast heimkeyrslu að Einarssstöðum. Tengingum við þjóðveg mun ekki fjölga. Engar merktar gönguleiðir eru á svæðinu en ein merkt reiðleið er á svæðinu.

3.4 Rafmagn

Rarik mun leggja heimtaug og mælir settur í mælakassa utandyra. Húseigandi leggur til mælakassa sem uppfyllir kröfur um frágang og skal rafverktaki annast uppsetningu og tengingu á kostnað húseiganda. Gert er ráð fyrir að rafmagnsstrengur verði lagður í vegstæði inn á svæðið. Taka þarf tillit til minja við lagnavinnu.

3.5 Fjarskipti

Fjarskipti er um farsímakerfi.

3.6 Vatn

Nokkrir kostir eru í skoðun til að finna góða uppsprettu sem mætti virkja eða bora eftir vatni í nágrenni lóðarinnar. Við hönnun vatnsveitu verður gert ráð fyrir slökkvivatni miðað við fyrirhugað byggingarmagn á svæðinu. Taka þarf tillit til minja við lagnavinnu. Kynna þarf



áform um borun fyrir vatni fyrir Minjastofnun þannig að stofnunin geti lagt mat á áformin þegar staðsetning liggur fyrir.

3.7 Fráveita

Rótþró verður innan lóðar og þess gætt að hún sé staðsett þannig að siturlögn frá henni sé komið fyrir svo að engin hætta sé á mengun vatns. Tæma skal rótþrær reglulega og öllu efni ekið af svæðinu. Gert er ráð fyrir að hreinsivirkið anní a.m.k. 50 persónueiningum. Hreinsivirkið verður starfsleyfisskilt. Frágangur, stærð og gerð rótþróa og frárennslislagna skal vera í samráði við Heilbrigðiseftirlit Austurlands og fara skv. ákvæðum reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp og leiðbeiningum sem við eiga.

4. Umhverfisáhrif og samræmi við aðrar áætlanir.

Breytingin felur ekki í sér framkvæmd sem fellur í A eða B flokk, eins og er skilgreint í 1. viðauka við laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Hér gerð grein fyrir helstu umhverfisáhrifum breytingarinnar skv. 12. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010.

Um er að ræða nýtt deiliskipulag vegna hugmynda um byggingu nýs veiðihúss við Hofsá á afskekktum stað. Vegna framkvæmda þarf að leggja nýjan veg og útbúa húsgrunna á lítið röskuðu svæði. Til stendur að notast við vegslóða, reiðleið og veiðiveg, undir nýjan veg, eins og hægt er.

Breyting á aðalskipulagi er kynnt samhliða þessari breytingu.

4.1 Samræmi við aðrar áætlanir

4.1.1 Landsskipulagsstefna

Samkvæmt 4. mgr. 10 gr. skipulagslaga nr. 123/2010. skulu sveitarfélög taka mið af landsskipulagsstefnu við gerð skipulagsáætlana eða breytinga á þeim. Nálgað má Landsskipulagsstefnu hér: <https://www.landsskipulag.is/gildandi-stefna/stefnan>

Í Landsskipulagsstefnu 2024-2038 eru þrjú markmið lögð til grundvallar sem byggja á sjálfbærri þróun: vernd umhverfis og náttúru, velsæld samfélags og samkeppnishæft atvinnulíf:

- A) Vernd umhverfis og náttúru Markmiðið snýr að því að skipulag stuðli að heilnæmu umhverfi og verndun og varðveislu víðerna, landslags, náttúru og líffræðilegrar fjölbreytni. Kolefnishlutleysi á að vera leiðarljós í skipulagi sem stuðla þarf að með markvissum samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda frá landnotkun. Mælikvarðar sem styðjast ber við til að meta framgang markmiðs A: a. Heildarlosun gróðurhúsalofttegunda. b. Hlutfall lands og hafsvæða með fullnægjandi verndun vistkerfa. c. Hlutfall óbyggðra víðerna.
- B) Velsæld samfélags Markmiðið snýr að því að skipulag stuðli að almennri velsæld í samfélagi og gæðum í hinu byggða umhverfi. Skipulag þarf að stuðla að jafnvægi í nýtingu lands í þéttbýli og dreifbýli þar sem vöxtur samfélaga gengur ekki um of á náttúrulegt umhverfi.



Loftslagsaðlögun á að vera leiðarljós í skipulagi sem verður að stuðla að seiglu samfélaga gagnvart afleiðingum loftslagsbreytinga. Mælikvarðar sem styðjast ber við til að meta framgang markmiðs B: a. Losun gróðurhúsalofttegunda frá vegasamgöngum og heimilum. b. Hlutfall heimila með íþyngjandi húsnaðiskostnað. c. Hlutfall vistvæns ferðamáta.

- C) Samkeppnishæft atvinnulíf Markmiðið stuðlar að því að skipulag auki samkeppnishæfni samfélags og efla atvinnulíf með hagkvæmri uppbyggingu innviða og sjálfbærri nýtingu auðlinda þar sem vexti er beint á tiltekin svæði í skipulagi. Kolefnishlutleysi á að vera leiðarljós í skipulagi sem miðar að því að auka til muna bindingu gróðurhúsalofttegunda. Mælikvarðar sem styðjast ber við til að meta framgang markmiðs C: a. Koltvísýringslosun á virðisaukaeiningu. b. Hlutfall fjölbreyttra atvinnusvæða. c. Hlutfall endurnýjanlegrar orku.

Markmiðið með byggingu nýs veiðishúss við Hofsa er að styrkja frekar afþreyingarþjónustu í sveitarfélaginu og bæta þannig samkeppnishæfni þess. Er það í samræmi við hugmyndir sveitarstjórnar um uppbyggingu í ferðapjónustu til að styrkja atvinnulíf í Vopnafirði.

Uppbygging nýs veiðishúss býður gestum og notendum þess upp á afþreyingu í einstöku umhverfi og aðstöðu. Staðsetning veiðihússins er valin með útsýni yfir ána og dalinn á afskekktum stað. Þannig stendur til að búa til upplifun þar sem umhverfinu er gert hátt undir höfði.

Stefnt er að draga eins og unnt er úr umhverfisáhrifum uppbyggingarinnar með því að fella mannvirki að landslagi og nýta staðargróður til að loka yfirborði að loknum framkvæmdum.

Breytingin er talin vera í samræmi við markmið C í landsskipulagsstefnu um samkeppnishæfni atvinnulífs.

4.1.2 Svæðisskipulag Austurlands 2022-2044

Framtíðarsýn fyrir Austurland árið 2044 er:

- Á Austurlandi er samheldið fjölmenningsamfélag með lífsgæði í forgrunni.
- Litríkt listalíf, ríkur menningararfur og áhugaverðir staðir á fjörðum, héraði og hálendi veita gnótt tækifæra til að upplifa sannkölluð ævintýri.
- Öflugt og fjölbreytt atvinnulíf byggir á sjálfbærri nýtingu auðlinda og þekkingu og sköpunarkrafti íbúa.

Breytingin er talin styðja við stefnu svæðisskipulagsins um ferðaaauðlindir og stefnu um auðlindir og innviði ferðapjónustunnar þar sem landslag og sérkenni þess er forsenda við val á staðsetningu veiðihúss. Lögð er áhersla á upplifun gesta með því að vera úr alfaraleið.

4.1.3 Aðalskipulag Vopnafjarðar 2006-2026

Megin markmið aðalskipulagsins er að efla atvinnumál, umhverfismál og félags- og velferðarmál.

Breytingin er talin styðja við megin markmiðin þar sem hún eykur framboð á afþreyingu með háu þjónustustigi. Auk þess er breytingin talin styrkja tekjustofna sveitarfélagsins til lengri tíma lítið.



Svæðið sem um ræðir er flokkað sem landbúnaðarland og hugmyndir um rekstur veiðihúss með gisti- og veitingaþjónustu samræmast ekki nýtingu landbúnaðarlands og því er breyting á aðalskipulagi auglýst samhliða breytingu á deiliskipulagi.

Aðalskipulag Vopnafjarðarhrepps má finna hér:

<https://vopnafjardarhreppur.is/stjornsysla/skipulag/gildandi-skipulag>

4.2 Mat á áhrifum

Matsvinna fór fram samhliða vinnu við deiliskipulagstillögu svo bregðast mætti við hugsanlega neikvæðum umhverfisáhrifum. Leitast var við að draga úr neikvæðum áhrifum í samræmi við hugmyndir um sjálfbæra þróun og til að stuðla að því að breytingin hafi eins jákvæð umhverfisáhrif og kostur er.

Horft var til mögulegra áhrifa breytinga á þá umhverfispætti sem eru skilgreindir í kaflanum hér á eftir. Notaðar eru fjórar vægiseinkunnir við matið:

Notaðar eru fjórar vægiseinkunnir við matið:

+	Líkur á jákvæðum áhrifum. Ekkert aðhafst frekar
+/-	Áhrif talin óveruleg. Ekkert aðhafst frekar
-	Líkur á neikvæðum áhrifum. Áhrifum lýst nánar m.t.t. umfangs og líkum. Leitað leiða til að draga úr neikvæðum áhrifum.
?	Óvissa um áhrif/áhrif háð útfærslu

Ef líkur eru á neikvæðum áhrifum eru þau skoðuð nánar og metið hvort þau teljist lítil miðlungs(neikvæð) eða mikil (veruleg og neikvæð) út frá einkennum áhrifa (umfang/stærð/tími) og gildi umhverfispáttar (mikilvægi/viðkvæmni).

Skipting áhrifa	Aðgerðir
Áhrif talin neikvæð en lítil	Áhrifin talin neikvæð en lítilsháttar. Mótvægisaðgerðir skilgreidar til að draga úr áhrifum
Áhrifi talin neikvæð	Leitað eftir útfærslum til að draga úr áhrifum og/eða mótvægisaðgerðum
Áhrif talin verulega neikvæð	Áhrif veruleg. Skoða ætti aðra valkosti sem hafa minni áhrif.

4.3 Umhverfispættir og viðmið

Í matsvinnunni voru skoðuð möguleg áhrif á þá umhverfispætti sem taldir eru upp í töflu 4.1. Horft var til mögulegra áhrifa sem breytingin mun leiða af sér þ.e.a.s. áhrif vegna þeirra framkvæmda og breytingar á umhverfinu sem telja má líkleg í kjölfar gildistöku nýs deiliskipulags.

**Tafla 4.1.** Þeir umhverfispættir sem voru skoðaðir ásamt matsspurningum.

Umhverfispættir	Matsspurningar
Loftslag - Losun GHL - Kolefnisbinding	Mun breytingin leiða til aukinnar losunar gróðurhúsalofttegunda (GHL)? Mun breytingin draga úr náttúrulegri kolefnisbindingu? Mun breytingin styðja við markmið um kolefnishlutleysi?
Lífriki - Gróður - Vistgerðir	Mun breytingin fela í sér áhrif á gróður og, eða gróðurfar? Mun breytingin leiða af sér áhrif á vistgerðir sem vert er að vernda?
Landgæði - Landslag & víðerni - Jarðfræði & jarðmyndanir	Mun breytingin leiða til áhrifa á ásýnd lands og landslag? Mun breytingin leiða til áhrifa á jarðfræði og jarðmyndanir?
Vatn & fjörur - Straum- & stöðuvötn	Mun breytingin leiða til áhrifa á vatnafar eða vatnsgæði Hofsár?
Menningarminjar	Mun breytingin hafa áhrif á fornleifar eða minjar?
Samfélag - Landnotkun - Óþægindi	Mun breytingin hafa áhrif á landnotkun á svæðinu? Mun breytingin fela í sér óþægindi fyrir íbúa og gesti í sveitarfélaginu?
Efnahagur & auðlindir - Efnahagur - Atvinnulíf	Mun breytingin hafa hagræn áhrif?

Viðmið voru sett með tilliti til stefnuskjala Vopnafjarðarhrepps ásamt settum markmiðum sveitarfélagsins í samfélags- og umhverfismálum auk viðmiða í opinberum stefnuskjölum, lögum eða alþjóðlegum skuldbindingum.

Viðmið voru sótt í:

- Landsskipulagsstefnu 2024-2038
- Náttúruverndarlög nr. 60/2013
- Lög nr. 80/2012 um menningarminjar
- Aðalskipulag Vopnafjarðarhrepps 2006-2026
- Vistgerðarflokkun Náttúrufræðistofnunar Íslands
- Válista Náttúrufræðistofnunar Íslands



4.4 Umhverfismat vegna nýs veiðihúss við Hofsá

4.4.1 Áhrif á loftslag

Loftslag - Losun GHG - Kolefnisbinding	Mun breytingin leiða til aukinnar losunar gróðurhúsalofttegunda (GHG)? Mun breytingin draga úr náttúrulegri kolefnisbindingu? Mun breytingin styðja við markmið um kolefnishlutleysi?
	Framkvæmdirnar munu óhjákvæmilega auka losun gróðurhúsalofttegunda á meðan þeim stendur. Ekki er búist við meiri losun en gengur og gerist í sambærilegum framkvæmdum. Áhrifin eru tímabundin eða eingöngu á meðan framkvæmdum stendur. Núverandi veiðihús stendur við Hofsárdalsveg, helsta aðkomuveg fyrir gesti og starfsfólk að húsinu. Staðsetning veiðihúss er töluvert fjær núverandi húsi, eða um 8,5 km lengri akstursleið. Þannig mun akstur gesta og starfsfólks til og frá veiðihúsinu lengjast sem því nemur. Þannig mun breytingin leiða til aðeins meiri losunar GHG. Um óverulega aukningu er að ræða. Breytingin er talin hafa neikvæð áhrif á losun GHG en í mjög litlum mæli. Endanleg losun og möguleikar til kolefnishlutleysis ráðast þó mestmegnis af öðrum ótengdum þáttum (s.s. orkuskipti í samgöngum) og áhrifin því metin óveruleg.
	Á svæðinu er gras og mólendi ríkjandi auk þess að finna má votlendi inni á milli. Framkvæmdir á svæðinu myndu rjúfa eða eyða gróðurhulu að hluta til eða alveg og þannig raska og draga úr náttúrulegri kolefnisbindingu. Hægt er að minnka áhrifin með því að græða upp vegfláa og umhverfi húsa að framkvæmdum loknum. Áhrifin eru talin verða óveruleg með mótvægisáðgerðum.
Áhrif á losun yrðu óveruleg en áhrif á möguleika til náttúrulegrar kolefnisbindingar eru metin óveruleg.	

4.4.2 Áhrif á lífríki

Lífríki -Gróður -Vistgerðir	Mun breytingin fela í sér áhrif á gróður og gróðurfar á yfirborði? Mun breytingin leiða af sér áhrif á vistgerðir sem vert er að vernda?
	Samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar einkennist gróðurfar á svæðinu af grasi og mólendi auk þess að finna má votlendi inni á milli, þar af smá skika af brokflóavist, sem er stærri 3 ha og nýtur verndunar í náttúruverndarlögum. Skerðingin er vegna aðkomuvegar næst veiðihúsinu.



	Óhjákvæmilegt er að raska jaðri votlendis með háu verndargildi til að koma vegi að ætluðu byggingasvæði. Með mótvægisaðgerðum er hægt að draga úr neikvæðum áhrifum. Settir eru skilmálar um frágang vegar og að gæta skuli að náttúrulegum rennislíðum.
Áhrifin eru talin neikvæð.	

4.4.3 Áhrif á landgæði

Landgæði -Landslag og víðerni -Jarðfærði og jarðmyndanir	Mun breytingin leiða til áhrifa á ásýnd lands og landslag? Mun breytingin leiða til áhrifa á jarðfræði og jarðmyndanir?
	Breytingin mun heimila byggingu húsa undir brattri fjallshlíð, í um 130 m hæð yfir sjávarmáli. Húsin yrðu staðsett með tilliti til útsýnis yfir ána. Svæðið er fremur afskekkt og úr alfara leið. Aðkomuvegur yrði að stórum hluta um vegslóða sem nýttur er í dag til útivistar og sem reiðleið. Breytingin getur verið nokkur þar sem lítið er um mannvirki á svæðinu í dag en fáir eiga leið um svæðið og fáir yrðu varir við húsið, veginn og umferð að húsinu. Áhrifin eru metin óveruleg með skilmálum um að fella skuli mannvirki og annað rask á landi að umhverfi sínu og loka yfirborði með staðargróðri.
	Svæðið þar sem stendur til að reisa nýtt veiðihús og fyrirhugaðar námur eru ekki á svæði sem njóta sérstakar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Lítil hluti vegstæðisins fer um votlendi sem nýtur verndunar. Ekki er vitað um sérstakar jarðmyndanir á svæðinu en svæðið er fjallshlíð sem svipar til annarra í dalnum. Efnispörf vegna veglagningar og frágang kring um hús eru um 16.000 m ³ . Uppgröftur fyrir húsgrunna verður nýttur til að draga úr efnispörf úr námum. Ein af fyrirhuguðum námum hefur áður verið notuð. Miðað við umfang framkvæmda er ólíklegt að þau muni hafa veruleg áhrif.
Áhrif breytingar á landgæði er metin óveruleg	



4.4.4 Áhrif á vatn og fjörur

Vatn og fjörur -Straum- og stöðuvötn	Mun breytingin leiða til áhrifa á vatnafar eða vatnsgæði Hofsár?
	Framkvæmdasvæðið er gróin fjallshlíð sem hallar niður að ánni. Settir eru skilmálar um frágang á yfirborði við mannvirki þar sem gæta skal þess að ofanvatn sé leitt frá ofanjarðar og komist leiðar sínar niður að Hofsá.
Áhrif breytingarinnar á vatn og fjörur eru metin óveruleg.	

4.4.5 Áhrif á menningarminjar

Menningarminjar -fornleifar og minjar	Mun breytingin hafa áhrif á minjar?
	Nokkar menningarminjar eru í nágrenninu en ekki á fyrirhugaðri lóð eða námusvæðum. Aðkomuvegur verður lagður í núverandi vegstæði. Ystu mörk vegar liggja í tveggjametra fjalægð frá minjum á einum stað samkvæmt fornminjaskráningu. Framkvæmdir innan friðhelgunarsvæðis minja eru óheimilar án leyfis frá Minjastofnun. Settir verða skilmálar um að óheimilt sé að breikka vegslóðan í áttina á minjunum. Öll breikkun vegslóðans verður gerð með skeringu inn í hlíðina til að vernda túngarðinn. Minjarnar verða merktar með áberandi hætti á meðan á framkvæmdum stendur. Settir verða skilmálar um að taka skuli tillit til minja við lagnavinnu. Ólíklegt að breytingar muni hafa veruleg áhrif.
Áhrif breytinga á menningarminjar eru talin vera óveruleg.	

4.4.6 Áhrif samfélag

Íbúar og heilsa -Landnotkun -Óþægindi	Mun breytingin hafa áhrif á landnotkun á svæðinu? Mun breytingin fela í sér óþægindi fyrir íbúa og gesti í sveitarfélaginu?
	Breytingin mun leiða að sér framkvæmdir og byggingu mannvirkja á landbúnaðarlandi sem er gróin fjallshlíð með takmörkuðu undirlendi. Breytingin felur í sér að breyta landnotkun, hluti landbúnaðarlands er færður undir verslun og þjónustustarfsemi. Þessi breytta starfsemi, gistipjónusta og afþreying, er þegar mikilvæg búbot fyrir landeigendur á svæðinu og telst vera í samræmi við nýtingu hlunninda á landbúnaðarsvæðum.



	Samkvæmt drögum að flokkun landbúnaðarlands fyrir Vopnafjörð lendir svæðið sem um ræði í flokki 4, lélegt ræktunarland en landhalli er almennt mikill á svæðinu. Landið sem fer undir veg og veiðihús er ekki tún eða akurlendi. Um svæðið liggur merkt reiðleið þar sem notast er við gamlan slóða. Stendur til að nýta slóðann undir veg að hluta til. Veglagningin kemur ekki endilega í veg fyrir nýtingu reiðleiðarinnar eða kallar á breytingar á henni ef vélknúin umferð og reiðmennska nær að nýta vegin saman. Áhrifin á landnotkun eru metin óveruleg.
	Líkleg óþægindi fyrir íbúa er umferð þungra ökutækja á framkvæmdatíma um Einarssstaðaveg. Vegurinn er skilgreindur sem aðrir vegi í aðalskipulagi og er malarvegur. Þá mun umferð á veginum líklegast aukast lítillega í kjölfar þess að nýtt veiðihús verði tekið í notkun. Umferð á veginum er ekki talin vera komin að þolmörkum og því um óveruleg áhrif að ræða. Breytingin hefur ekki áhrif á hefðbundinn búrekstur á landbúnaðarsvæðum í kring.
Áhrif breytingarinnar á íbúa og heilsu er metin óveruleg.	

4.4.7 Áhrif á efnahag og auðlindir

Efnahagur & auðlindir	Mun breytingin hafa áhrif á efnahag í sveitarfélaginu? Mun breytingin hafa áhrif á atvinnulíf?
	Markmið breytingarinnar er að styðja við ferðaþjónustu í sveitarfélaginu og bæta samkeppnishæfni þess. Laxveiði í ám á Íslandi er eftirsóknarverð og er í samkeppni við ýmsa aðra lúxus afþreyingu. Breytingin er talin styrkja samkeppnishæfni og auka verðmæti veiðileifa í Hofsá. Deiliskipulagssvæðið er úr alfara leið sem telst eftirsóknarvert í lúxus afþreyingu í dag. Einnig mun breytingin leiða til þess að tekjustofnar sveitarfélagsins styrkjast. Er það í samræmi við hugmyndir sveitarstjórnar um uppbyggingu í ferðaþjónustu til að styrkja atvinnulíf í Vopnafirði. Framkvæmdir munu leiða til fjölgunar starfa til skemmri tíma og rekstur hússins mun að öllum líkum leiða til fjölgunar starfa til lengri tíma vegna reksturs. Umfang er háð rekstrarfyrirkomulagi. Er breytingin talin hafa jákvæð áhrif á efnahag og atvinnulíf í sveitarfélaginu.
Áhrif breytingarinnar á efnahag og auðlindir er talin vera jákvæð.	



4.4.8 Samantekt áhrifa og niðurstaða

Umhverfispáttur	
Loftslag	+/-
Lífriki	-
Landgæði	+/-
Vatn og fjörur	+/-
Menningarminjar	+/-
Samfélag	+/-
Efnahagur og auðlindir	+

Meginmarkmið aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps 2006-2026 eru að stuðla að sjálfbærri þróun í atvinnu-, félags-, umhverfis-, og velferðarmálum. Þar með talið að hámarka allan efnahagslegan, félagslegan og umhverfislegan ábata af ferðaþjónustu.

Niðurstaða umhverfismats að deiliskipulagstillagan hefur óveruleg áhrif á aðra þætti en Lífriki og Efnahagslegar auðlindir.

Tillagan er talin hafa neikvæð áhrif á lífríki. Brugðist er við því með því að setja skilmála um að við staðsetningu bygginga skulu horft til verndargildis vistgerða svæðisins og raski á vistgerðum með hátt verndargildi lágmarkað eins og kostur er.

Áhrif deiliskipulagsins á efnahag og auðlindur eru metin jákvæð. Skipulagið leiðir til styrkingar tekjustofna sveitarfélagsins og stuðar að styrkingu byggðar þar sem eftirspurn eftir afþreyingu og þjónustu er að aukast. Samfélagsáhrif eru metin jákvæð.

Sjónræn áhrif á landslag verða lítil, þar sem byggingar munu falla vel inn í landslagið.

Umferð mun lítið eitt aukast á vegum. Einhver rykmengin gæti orðið, en áhrifin eru óveruleg. Skipulagið hefur ekki áhrif á minjar eða verndarsvæði.

Annars er vísað í kafla 5 Umhverfismat vegna nýs veiðihúss við Hofsa í breytingu á aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps 2006-2026, sem er auglýst samhliða deiliskipulaginu.

5. Kynning, afgreiðsla og samþykkt

Samráð og kynning

Deiliskipulagstillaga var kynnt vorið 2025 og greinargerð og uppdráttur birt. Tillagan var aðgengileg á vef sveitarfélagsins.

Umsagnaraðilar

Umsagnaraðilar eru Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun, Náttúrufræðistofnun, Náttúrustofa Austurlands, Heilbrigðiseftirlit Austurlands, Slökkvilið Múlapings, Vegagerðin, Veðurstofa Íslands, Fiskistofa og Minjastofnun Íslands



Heimildir:

Fornleifaskráning:

Fornleifaskráning Sagnabrunns vegna deiliskipulags við Einarsstaði í Hofsárdal ágúst 2025

Mynd 3 Vistgerðir, skáskot vefsja alta

[Vefsja Alta](#)

Gögn Náttúrufræðistofnunar, sótt 2021-10-04

Mynd 4. Vindrós af vef vedur.is

vindatlas.vedur.is